



Handúðarasett

á Multi Pro® 1750-, Multi Pro® WM- eða Multi Pro® 5800-úðara
2015 eða nýrri

Tegundarnúmer 41118—Raðnúmer 316000001 og upp úr

Notendahandbók

Handúðarasettið er tengitæki fyrir grasúðaravél og er ætlað fyrir fagfólk og verktaka til atvinnunota. Settið er sérstaklega hannað fyrir úðun á vel viðhöldnum grasflötum í almenningsgöðum, á golfvöllum, íþróttavöllum og atvinnusvæðum.

Hægt er að hafa samband við Toro í gegnum www.Toro.com til að nálgast kennsluefni tengt öryggi og notkun vörunnar, upplýsingar um aukabúnað, upplýsingar um söluaðila og vöruskráningu.

Uppsetning

Lausir hlutar

Notaðu eftirfarandi töflu til að staðfesta að allir hlutar hafi verið sendir.

Verklag	Lýsing	Magn	Notkun
1	Engir hlutar nauðsynlegir	—	Undirbúið vinnuvélina.
2	Slöngukrókur Sjálflæsandi ró (3/8") Sjálflæsandi ró (5/16") Burðarbolti (3/8" x 3/4") Burðarbolti (5/16" x 1") R-klemma Úðabyssufesting	1 4 4 4 4 2 1	Setjið upp slöngukrókinn og úðabyssufestinguna.
3	Lok Afsláttarloki	1 1	Setjið upp afsláttarloka (eingöngu Multi Pro 1750 og Multi Pro WM).
4	Úðabyssuloki Slanga Hosuklemma Kragaklemma Pakkning Tengi (hnétengi) Hosuklemma Lokafesting (Multi Pro 5800 – 2016 og nýrri) T-tengi (Multi Pro 5800 – 2016 og nýrri) Flöt skinna (Multi Pro 5800 – 2016 og nýrri) Bolti (6 x 12 mm) (Multi Pro 5800 – 2016 og nýrri) Kragabolti (6 x 16 mm) (Multi Pro 5800 – 2016 og nýrri) Sjálflæsandi ró (6 mm) (Multi Pro 580 – 2016 og nýrri)	1 1 1 1 1 1 1 1 1 4 4 4 4 4	Setjið upp stjórnlokann.



Verklag	Lýsing	Magn	Notkun
5	Úðarasamstæða	1	Tengið úðaraslönguna.
	Beint rífflað tengi	1	
	Hosuklemma	1	


1

Vinnuvélin undirbúin

Engir hlutar nauðsynlegir

Verklag

1. Tryggið að öllum vökvum hafi verið tappað af vinnuvélinni. Ef íðefni voru notuð í vinnuvélinni þarf að skola kerfið vandlega með hreinu vatni og tappa vatninu af; frekari upplýsingar eru í *notendahandbók* vinnuvélarinnar.
2. Aftengið mínusskaut rafgeymisins.



Mynd 1

Multi Pro 1750 og Multi Pro 5800

1. Sjálflæsandi ró (Multi Pro 1750 – $\frac{3}{8}$ "; Multi Pro 5800 – $\frac{5}{16}$ to.)
2. Slöngukrókur
3. Burðarbolti (Multi Pro 1750 – $\frac{3}{8}$ " x $\frac{3}{4}$ "; Multi Pro 5800 – $\frac{5}{16}$ " x 1")
4. Ól hægra megin að framan
5. Burðarbolti ($\frac{5}{16}$ " x $\frac{3}{4}$ ")
6. Úðabyssufesting
7. R-klemma
8. Sjálflæsandi ró ($\frac{5}{16}$ ")

- Multi Pro WM, losið ólina hægra megin að aftan ([Mynd 2](#)).

2


Uppsetning slöngukróks og úðabyssufestingar

Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

1	Slöngukrókur
4	Sjálflæsandi ró ($\frac{3}{8}$ ")
4	Sjálflæsandi ró ($\frac{5}{16}$ ")
4	Burðarbolti ($\frac{3}{8}$ " x $\frac{3}{4}$ ")
4	Burðarbolti ($\frac{5}{16}$ " x 1")
2	R-klemma
1	Úðabyssufesting

Verklag

1. Losið geymisólina.
 - Multi Pro 1750 og Multi Pro 5800, losið ólina hægra megin að framan ([Mynd 1](#)).



Mynd 2
Multi Pro WM

1. Sjálflæsandi ró (5/16")
 2. Slöngukrókur
 3. Burðarbolti (3/8" x 1/4")
 4. Ól hægra megin að aftan
 5. Burðarbolti (5/16" x 3/4")
 6. Úðabyssufesting
 7. R-klemma
2. Setjið upp R-klemmur, úðabyssufestingu og slöngukrök eins og sýnt er á [Mynd 1](#) eða [Mynd 2](#) með burðarbolta, flatrí skinnu og sjálflæsandi ró.

3

Uppsetning afsláttarloka (eingöngu Multi Pro 1750 og Multi Pro WM)

Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:


1	Lok
1	Afsláttarloki

Verklag

1. Fjarlægið splittið sem festir hreyfiliðann við soggreinarlokann fyrir hlutaloka eða hristingsloka ([Mynd 3](#)).

Ath.: Þrýstið báðum leggjum geymisins saman þegar þeim er ýtt niður.


Ath.: Geymið hreyfiliðann og splittið.



Mynd 3

1. Hreyfiliði
 2. Splitti
 3. Leggjatengi
2. Fjarlægið hreyfiliðann frá soggreinarlokanum.
3. Fjarlægið splittin sem festa hjáveitustillingarbúnaðinn, endatappann og tengið og slöngusamstæðuna eins og sýnt er á [Mynd 4](#).

Ath.: Endatappinn verður ekki notaður en það þarf að geyma O-hringinn á tappanum.



Mynd 4

4. Snúið hjáveitustillingarbúnaðinum um 180 gráður eins og sýnt er á [Mynd 5](#).

4


Uppsetning stjórnloka fyrir úðabyssu

Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

1	Úðabyssuloki
1	Slanga
1	Hosuklemma
1	Kragaklemma
1	Pakkning
1	Tengi (hnétengi)
1	Hosuklemma
1	Lokafesting (Multi Pro 5800 – 2016 og nýrri)
1	T-tengi (Multi Pro 5800 – 2016 og nýrri)
4	Flöt skinna (Multi Pro 5800 – 2016 og nýrri)
4	Bolti (6 x 12 mm) (Multi Pro 5800 – 2016 og nýrri)
4	Kragabolti (6 x 16 mm) (Multi Pro 5800 – 2016 og nýrri)
4	Sjálflæsandi ró (6 mm) (Multi Pro 580 – 2016 og nýrri)

Samsetning stjórnloka (Multi Pro 1750 – 2015 og nýrri, Multi Pro WM – 2015 og nýrri og Multi Pro 5800 – 2015)


1. Fjarlægjið kragaklemmuna sem festir endalokið og tengið við þrýstimælistengið (Mynd 7 eða Mynd 8).



Mynd 5


1. Armalokasamstæða

5. Festið hjáveitustillingarbúnaðinn, lokið, O-hringina, afsláttarlokann og tengið og slönguna með splittunum sem voru fjarlægð eins og sýnt er á Mynd 6.



Mynd 6


1. Lok
2. Afsláttarloki



Mynd 7

Multi Pro 1750 og Multi Pro WM

- | | |
|-----------------|---------------------------------|
| 1. Pakkning | 4. Tengir |
| 2. Hnétingi | 5. Stjórnloki |
| 3. Þéttisklemma | 6. Aðveituslanga af slöngukefli |



Mynd 8

Multi Pro 5800 2015 og eldri

- | | |
|----------------|---------------------------------|
| 1. Pakkning | 4. Tengir |
| 2. Hnétingi | 5. Stjórnloki |
| 3. Kragaklemma | 6. Aðveituslanga af slöngukefli |

2. Fjarlægjið tengið af endalokinu ([Mynd 7](#) og [Mynd 8](#)).

3. Setjið stjórnlokann á eins og sýnt er á [Mynd 7](#) eða [Mynd 8](#).


4. Setjið tengið í opið á hnétenginu ([Mynd 7](#) eða [Mynd 8](#)).

Ath.: Tengir á hlið hnétengisins fyrir Multi Pro 1750 og Multi Pro WM er á framhlið (ekki sýnt) tengisins á [Mynd 7](#).

5. Tengir aðveituslöngu slöngukeflisins við stjórnlokann með hosuklemmu ([Mynd 7](#) eða [Mynd 8](#)).

Stjórnloki fjarlægður af vinnuvélinni (Multi Pro 5800 – 2016 og nýrri)


1. Aftengið þriggja tengla tengil þrýstinemans ([Mynd 9](#)).



Mynd 9

1. Þriggja tengla tengill
2. Þrýstinemi

2. Fjarlægið kragaklemmuna sem festir þrýstinemann við hnétengið og fjarlægið nemann, þéttið og kragaklemmuna (Mynd 10).




Mynd 10

1. Þrýstinemi
2. Hnétengi
3. Hnétengi (með tengli fyrir nemaslönguna)
4. Kragaklemma
5. Þétti

3. Fjarlægið kragaklemmuna sem festir hnétengið við hnétengið með tengli fyrir nemaslönguna og fjarlægið hnétengið, þéttið og kragaklemmuna (Mynd 10)

Undirbúningur stjórnloka (Multi Pro 5800 – 2016 og nýrri)


1. Setjið lokafestinguna á stjórnlokann eins og sýnt er í A á Mynd 11.



Mynd 11

1. Stjórnloki
2. Lokafesting
3. Flansbolti (#6)

2. Festið lokafestinguna við stjórnlokann með flansboltanum (#6) og herðið hana í höndunum (B á Mynd 11).
3. Setjið saman lokafestinguna og stjórnlokafestinguna (Mynd 12) með boltunum fjórum (6 x 12 mm) og flötu skífum fjórum; herðið boltana í 10 til 12 N m (86 til 106 in-lb).




Mynd 12

1. Lokafesting
2. Stjórnlokafesting
3. Flöt skinna
4. Bolti (6 x 12mm)

4. Stillið flans T-tengisisins af við flans stjórnlokans eins og sýnt er á Mynd 13.

Borað fyrir soggreinarfestingunni (Multi Pro 5800 – 2016 og nýrri)


1. Stillið flans T-tengisins af við flans hnétengisins með tengli fyrir nemaslönguna ([Mynd 15](#)).



Mynd 13

- | | |
|----------------|-----------------------|
| 1. Þétti | 3. T-tengi |
| 2. Kragaklemma | 4. Flans (stjórnloki) |


5. Festið T-tengið lauslega við stjórnlokann með þétti og kragaklemmu ([Mynd 13](#)).
6. Stillið flans þrýstinemans af við flans T-tengisins eins og sýnt er á [Mynd 14](#).



Mynd 14

- | | |
|-----------------------|----------------|
| 1. Flans (stjórnloki) | 3. Kragaklemma |
| 2. Flans (þrýstinemi) | 4. Þétti |

7. Setjið saman þrýstinemann og T-tengið með þétti og kragaklemmu og herðið klemmuna í höndunum ([Mynd 14](#)).




Mynd 15

- | | |
|---|---------------------------------|
| 1. Flans (T-tengi) | 5. Hnétingi (hjáveituhlataloki) |
| 2. Kragaklemma | 6. Hosuklemma |
| 3. Þétti | 7. Slanga (hjáveituhlataloki) |
| 4. Hnétingi (með tengli fyrir nemaslönguna) | |

2. Setjið T-tengið og hnétengið lauslega saman með pakkingu og kragaklemmu ([Mynd 15](#))

Ath.: Snúið stjórnlokafestingunni eftir þörfum til að stilla hana af við yfirborð lokafestingarinnar.

3. Notið stjórnlokafestinguna sem sniðmát og merkið staðsetningu gatanna á festingunni á yfirborð soggreinarfestingarinnar ([Mynd 16](#)).




G033918

g033918

Mynd 16

4. Fjarlægið klemmuna, pakkninguna og T-tengið með kraganum af hnétenginu með tengli fyrir nemaslönguna (Mynd 15).
5. Merkið fyrir merkjunum á soggreinarfestingunni sem gerð voru í skrefi 3 með kjörnara.
6. Borið fjögur 6 mm (¼") göt í soggreinarfestinguna á merkingunum sem gerðar voru í skrefi 5.




G033919

g033919

Mynd 17

1. Bor og borbiti – 6 mm (¼")
2. Soggreinarfesting



G033917

g033917

Mynd 18

- | | |
|---------------------------------|-------------------------------|
| 1. Kragaklemmur (með pakkningu) | 5. Soggreinarfesting |
| 2. Hnétengi (hjáveituhlataloki) | 6. Sjálflæsandi ró (6 mm) |
| 3. Kragabolti (6 x 16 mm) | 7. Hosuklemma |
| 4. Stjórnlokafesting | 8. Slanga (hjáveituhlataloki) |

2. Setjið T-tengið og hnétengið lauslega saman með pakkningu og kragaklemmu (Mynd 18).
3. Festið stjórnlokafestinguna á soggreinarfestinguna (Mynd 19) með kragaboltunum fjórum (6 x 16 mm) og flötu skífum fjórum (6 mm); herðið boltana í 10 til 12 N m (86 til 106 in-lb).
4. Herðið kragaklemmuna sem festir stjórnlokann og T-tengið (Mynd 13) og kragaklemmuna sem festir T-tengið við hnétengið með tengli fyrir nemaslönguna (Mynd 15 og Mynd 18) í höndunum.
5. Tengjið þriggja tengla tengil þrýstinemans (Mynd 19).

Samsetning stjórnloka (Multi Pro 5800 – 2016 og nýrri)

1. Stillið flans T-tengisins af við flans hnétengisins með tengli fyrir nemaslönguna (Mynd 18).

5

Tenging úðaraslöngu


Hlutar sem þarf fyrir þetta verk:

1	Úðarasamstæða
1	Beint rifflað tengi
1	Hosuklemma

Verklag

Ath.: Notið PTFE-límband til að þétta riffluð tengi.


1. Tengid rifflaða tengid og opna enda aðveituslöngunnar og festid með hosuklemmu.



Mynd 21

1. Slanga
2. Hosuklemma
3. Beint rifflað tengi
4. Úðabyssa


2. Vefjið umframlengd slöngunnar utan um krókinn á geyminum og setjið úðabyssuna í festinguna.
3. Tengid mínusvírinn við rafgeyminn.
4. Kvarðið hjáveitustillingarbúnaðinn; sjá *notendahandbók* vinnuvélarinnar.



Mynd 19

1. Þriggja tengla tengill
2. Þrýstinemi

6. Setjið úðaraslönguna á rifflaða hosutengið á stjórnlokanum og festið slönguna við tengið með hosuklemmu (Mynd 20).



Mynd 20

1. Rifflað hosutengi (stjórnloki)
2. Hosuklemma
3. Úðaraslanga

Notkun

⚠ VIÐVÖRUN

Vökvi undir þrýstingi getur komist í gegnum húð og valdið alvarlegum meiðslum.

- Haldið bók og höndum frá stútum sem sprauta út vökva undir miklum þrýstingi.
- Ekki beina úðaranum að öðru fólki eða dýrum.
- Tryggið að allar vökvaslöngur og -leiðslur séu í góðu ásigkomulagi og að allar tengingar séu vel hertar áður en þrýstingi er hleypt á kerfið.
- Notið bylgjupappa eða pappír til að finna leka.
- Losið allan þrýsting af kerfinu áður en unnið er við það.
- Leitið tafarlaust til læknis ef vökvi sprautast undir húð.
- Heitir vökvar og íðefni geta valdið brunasárum eða öðrum skaða.

Varúðarráðstafanir fyrir umhirðu grassvarðar við kyrrstæða notkun

Mikilvægt: Við sumar aðstæður getur hiti frá vélinni, vatnskassanum og hljóðkútnum hugsanlega skemmt grasið þegar úðarinn er í kyrrstöðu. Kyrrstæða er til dæmis við hristing geymis, handúðun eða notkun arma.

Grípið til eftirfarandi varúðarráðstafana:

- **Forðist** kyrrstæða úðun við mjög heitar eða þurrar aðstæður, þar sem grassvörður getur verið undir meira álagi á þessum tímabilum.
- **Forðist** að leggja vinnuvélina á grassverðinum á meðan úðað er í kyrrstöðu. Leggið á vagnslóð þegar hægt er.
- **Lágmarkið** tímann sem vinnuvélin er látin aka yfir tiltekið svæði grassvarðar. Bæði tími og hitastig hafa áhrif á hversu miklar skemmdir geta orðið á grasinu.
- **Stillið snúningshraða vélarinnar eins lágt og hægt er** til að tryggja réttan þrýsting og rennsli. Þetta heldur hitanum sem myndast og lofthraðanum frá kæliviftunni í lágmarki.
- **Leyfið hitanum að komast upp úr vélarrýminu** með því að lyfta vélarhlífinni/sætinu í kyrrstöðu í stað þess að hann fari undir ökutækkið.

Frekari upplýsingar um lyftingu sætisins eru í *notendahandbókinni*.

Ath.: Notið teppi sem hlífir gegn hita undir ökutækinu við notkun í kyrrstöðu til að verja frekar gegn hita. Hafið samband við viðurkenndan söluaðila Toro til að fá hitahlífðarteppi fyrir úðara frá Toro.

Skipt úr armaúðun í handúðun

1. Stöðvið vinnuvélina, slökkvið á örmunum og setjið stöðuhemilinn á.

⚠ VIÐVÖRUN

Akstur meðan á handúðun stendur getur valdið stjórnmissi og leitt til meiðsla á fólki eða dauða. Notið ekki handúðarann við akstur.

2. Tryggið að gikklásinn á úðabyssunni aftan á vinnuvélinni sé læstur.
3. Snúið græna handfanginu á stjórnlokanum um 90 gráður.
4. Kveikið á dælunni á stjórnstöðinni.
5. Snúið rofa aðalarmsins í KVEIKTA stöðu.
6. Stillið vélina á æskilegan hraða og setjið svo hlutlausu hraðalæsinguna á.

Mikilvægt: Stillið ekki á hærri þrýsting en 1034 kPa (150 psi) þegar handúðarinn er notaður.

Skipt úr handúðun í armaúðun

1. Snúið græna handfanginu á stjórnlokanum um 90 gráður.
2. Beinið úðarastútnum að svæði sem óhætt er að úða á, losið gikklásinn og haldið gikknunni inni þar til allur vökvi er tæmdur úr slöngunni. Setjið gikklásinn aftur á.
3. Setjið úðabyssuna aftur í festinguna.
4. Stillið vélina aftur á lausagangshraða.
5. Stöðvið dæluna.

Mikilvægt: Tryggið að úðabyssan sé skuluð með hreinu vatni við dagleg þrif (sjá *notendahandbók úðarans*). Ef úðabyssan er ekki hreinsuð á réttan hátt geta afköst og áreiðanleiki úðabyssunnar skerst.

6. Notið hraðarofann til að stilla æskilegan úðaprýsting.

Athugasemdir:

Athugasemdir:

Athugasemdir:

UK Declaration of Incorporation

Toro Company, 8111 Lyndale Ave. South, Bloomington, MN, Bandaríkjunum, lýsir því hér með yfir að eftirfarandi búnaður uppfyllir upptaldar tilskipanir, sé hann settur upp í samræmi við meðfylgjandi leiðbeiningar á tilteknar tegundir Toro, eins tiltekið er í viðeigandi samræmisýfirlýsingu.

Tegundar-númer	Raðnúmer	Vörulýsing	Reikningslýsing	Almenn lýsing	Tilskipun
41118	315000001 og upp úr	Handúðarasett	HAND SPRAY WAND KIT	Aukabúnaður fyrir úðara	2006/42/EB, 2000/14/EB og 2005/88/EB

Viðeigandi tæknilegar upplýsingar hafa verið teknar saman samkvæmt kröfum í hluta B af viðauka VII við 2006/42/EB.

Við munum afhenda, í samræmi við kröfur innlendra yfirvalda, viðeigandi upplýsingar um ófullgerða vélbúnað. Upplýsingarnar verða sendar með rafrænum hætti.

Þennan vélbúnað má ekki nota fyrr en hann hefur verið settur í vottaðar Toro-tegundir eins og sagt er til um í viðeigandi samræmisýfirlýsingu og í samræmi við viðkomandi leiðbeiningar, þar sem hægt er að staðfesta að hann sé í samræmi við allar viðeigandi tilskipanir.

This declaration has been issued under the sole responsibility of the manufacturer.
The object of the declaration is in conformity with relevant UK legislation.

Viðurkenndur fulltrúi:

Marcel Dutrieux
Manager European Product Integrity
Toro U.K. Limited
Spellbrook Lane West
Bishop's Stortford
CM23 4BU
United Kingdom



Tom Langworthy
Yfirverkfræðingur
8111 Lyndale Ave. South
Bloomington, MN 55420, USA
Nóvember 3, 2022

UK Declaration of Incorporation

Toro Company, 8111 Lyndale Ave. South, Bloomington, MN, Bandaríkjunum, lýsir því hér með yfir að eftirfarandi búnaður uppfyllir upptaldar reglugerðir, sé hann settur upp í samræmi við meðfylgjandi leiðbeiningar á tilteknar tegundir Toro, eins tiltekið er í viðeigandi samræmisýfirlýsingu.

Tegundar-númer	Raðnúmer	Vörulýsing	Reikningslýsing	Almenn lýsing	Tilskipun
41118	315000001 og upp úr	Handúðarasett	HAND SPRAY WAND KIT	Aukabúnaður fyrir úðara	S.I. 2001 nr. 1701, S.I. 2008 nr. 1597

Viðeigandi tæknileg fylgiskjöl hafa verið tekin saman samkvæmt S.I. 2008 nr. 1597.

Við munum afhenda, í samræmi við kröfur innlendra yfirvalda, viðeigandi upplýsingar um ófullgerða vélbúnað. Upplýsingarnar verða sendar með rafrænum hætti.

Pennan vélbúnað má ekki nota fyrr en hann hefur verið settur í vottaðar Toro-gerðir eins og sagt er til um í viðeigandi samræmisýfirlýsingu og í samræmi við allar leiðbeiningar, þar sem hægt er að staðfesta að hann sé í samræmi við allar viðeigandi reglugerðir.

This declaration has been issued under the sole responsibility of the manufacturer.
The object of the declaration is in conformity with relevant UK legislation.

Viðurkenndur fulltrúi:

Marcel Dutrieux
Manager European Product Integrity
Toro U.K. Limited
Spellbrook Lane West
Bishop's Stortford
CM23 4BU
United Kingdom



Tom Langworthy
Yfirverkfræðingur
8111 Lyndale Ave. South
Bloomington, MN 55420, USA
Nóvember 3, 2022